



2024

Ársskýrsla velferðarsviðs





Efnisyfirlit

1	Velferðarsvið í hnotskurn	3
	Ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs	6
2	Þjónusta	7
	Þjónusta í heimahúsum	14
	Þjónusta við eldra fólk	26
	Þjónusta við fatlað fólk	29
	Þjónusta við börn og fjölskyldur	33
	Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd	41
	Þjónusta við heimilislaust fólk	49
	Virkni og fjárhagsaðstoð	55
	Húsnæði	60
	Ítarlegri tölfræði	63
3	Vinnustaðurinn	65
4	Rekstur	72
5	Annáll	77



Kafli 1

Velferðarsvið í hnotskurn





Fjöldi notenda sem fékk þjónustu frá velferðarsviði árið 2024

20.447

Fjöldi starfsfólks velferðarsviðs að meðaltali í mánuði árið 2024

3.500

Heildarrekstrargjöld velferðarsviðs í milljónum króna árið 2024

46.324



Gildi velferðarsviðs

→ Virðing

Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við.

Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

→ Virkni

Við viljum að öll geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

Við vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði notenda og starfsfólks velferðarþjónustu.

→ Velferð

Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa.

Við vinnum að lausnum og veitum skilvirka velferðarþjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.



Ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs



Ársskýrslan fyrir árið 2024 er komin út sem er einstaklega ánægjulegt. Það er gaman að renna yfir hana því hún sýnir ótvírætt hvað velferðarsvið sinnir ótrúlega fjölbreyttum verkefnum í þágu borgarbúa. Með farsælli samvinnu höfum við tekist á við margvíslegar áskoranir en líka fagnað ótvíræðum framförum. Á bakvið fjölbreytta þjónustu er stór hópur reynslumikils fagfólks sem leggur sig fram við að veita borgarbúum þjónustu sem byggir á virðingu, fagmennsku og skilningi á fjölbreyttum þörfum fólks.

Oft var ástæða til að fagna á árinu. Eitt af því eftirminnilegasta er í mínum huga þegar við opnuðum glæsilegan íbúðakjarna við Háteigsveg. Þar eru sjö íbúðir fyrir ungt fatlað fólk sem fær þar stuðning til að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Íbúðirnar eru bjartar og fallegar, með einstöku útsýni. Ég var viðstödd þegar íbúar fengu lyklana afhenta og það var ógleymanlegt að sjá gleðina í andlitum íbúa og aðstandenda.

Það er mikil framþróun í gangi hjá okkur og hún sést einna helst í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, meðal annars á vettvangi miðstöðva Reykjavíkurborgar og í Barnavernd Reykjavíkur. Líkt og önnur sveitarfélög um allt land erum við í óðaönn við að innleiða farsældarlögin en það gerum við hjá Reykjavíkurborg í gegnum verkefnið Betri borg fyrir börn. Við höfum markvisst verið að auka samstarf við önnur svið borgarinnar, ekki síst við skóla- og frístundasvið. Sameiginlega stóðu sviðin tvö fyrir Farsældardeginum í Hörpu á árinu, eftirminnilegum viðburði sem fjölmargt fagfólk og samstarfsaðilar borgarinnar sóttu. Slíkar samkomur efla sameiginlega sýn og samstarf.

Við vitum auðvitað öll að borgarbúanum er sama hvaða svið veitir honum þjónustu – að okkar hlutverk er að

sjá til þess að börn fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Á árinu höfum við líka vinnu við gerð nýrrar stefnu í málefnum eldra fólks. Sérfræðingar af velferðarsviði, fulltrúar eldra fólks og aðrir hagaðilar komu saman á stórum vinnufundi, ræddu framtíðarsýn og áherslur. Í málaflokki eldra fólks eru stórar áskoranir framundan sem við þurfum að búa okkur undir. En við lifum líka spennandi tíma, því framþróunin er að sama skapi hröð með öllum sínum tækifærum. Stöðugt fjölgar eldra fólki og þeim fjölgar einnig í þeim hópi sem hafa miklar kröfur og sætta sig ekki við annað en mjög góða þjónustu. Það er ljóst að við munum fá aukið aðhald frá notendahópnum og þannig viljum við hafa það, enda eru þarfir og óskir notenda í forgrunni alls starfs hjá okkur. Við leggjum áherslu á forvarnir og hjálp til sjálfshjálpar – og gefumst ekki upp á neinum, eins og segir í velferðarstefnunni okkar.

Innan allra málaflokka vinnum við að því að gera þjónustuna aðgengilega og notendavæna. Áhersla á stafræna framþróun er farin að skila sér og skilningur á tækifærum í þróun og rekstri stafrænna lausna er að aukast. Flestar umsóknir eru nú rafrænar í gegnum Mínar síður, sem hefur einfaldað allt ferli í kringum umsóknir um þjónustu.

Góð samvinna, hvort sem er milli samstarfsfólks, þvert á kerfi, við hagaðila eða notendur þjónustunnar er lykilatriði til að hægt sé að veita góða og heildstæða þjónustu. Ef við leggjum áfram áherslu á góða samvinnu eru okkur allir vegir færir.

←
Rannveig Einarsdóttir



Kafli 2

Þjónusta





Heildarfjöldi notenda 2024

20.447


↓ -1,2%

Notendum velferðarþjónustu hefur fjölgað stöðugt á undanförnum árum og í hópnum eru nú 20.447 manns. Þrátt fyrir örlitla fækkun um 1,2% árið 2024 var notendahópurinn 43% stærri árið 2024 en hann var árið 2017.

Fjölgun undanfarinna ára skýrist að miklu leyti af fjölgun þeirra sem fengið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi. Hraðar breytingar á hópnum hafa kallað á stöðugar umbætur og nýsköpun, til að tryggja gæði þjónustunnar og einstaklingsmiðaða nálgun.




Fjöldi borgarbúa sem fékk þjónustu






Heildarfjöldi notenda skipt eftir kyni




Örlítið fleiri karlar nýta velferðarþjónustu en konur. 51% notenda þjónustunnar eru karlar en 49% konur. Velferðarsvið vinnur upplýsingar um kyn úr þjóðskrá. Kynsegin eru 0,1% allra notenda en í umfjöllun um einstaka þjónustupætti er hópurinn of fámennur til að greina með tölfræðilegum hætti.



Hlutfall notenda eftir ríkisfangi



Þróun fjölda notenda eftir ríkisfangi







Þjónusta í nærumhverfi íbúa

Velferðarþjónusta í borginni er notendum aðgengileg í gegnum fjórar miðstöðvar sem staðsettar eru í ólíkum hverfum borgarinnar. Í miðstöðvnum er veitt þjónusta, upplýsingar, stuðningur og ráðgjöf. Miðstöðvarnar eru mikilvægur vettvangur samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna og ungmenna innan ramma Betri borgar fyrir börn. Þannig vinna fagaðilar á vegum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs þétt saman á miðstöðvunum við að veita börnum, ungmennum, fjölskyldum þeirra og starfsfólki í leik- og grunnskólum markvissa ráðgjöf og stuðning.

Fjöldi notenda eftir miðstöðvum





Rafræn miðstöð

Rafræn miðstöð er fimmta miðstöðin sem velferðarsvið starfrækir. Hún er hinum miðstöðvunum til stuðnings og er alla jafna fyrsta snerting notenda við þjónustu sviðsins. Frá stofnun Rafrænnar miðstöðvar árið 2022 hefur hún tekið yfir afgreiðslu stórs hluta umsókna um velferðarþjónustu og svörun allra símtala og tölvupósta sem áður bárust til hinna miðstöðvanna. Rafræn miðstöð afgreiðir umsóknir, veitir fjarþjónustu í gegnum síma eða skjá og beinir notendum áfram í nærþjónustu á miðstöðvum þegar þess gerist þörf.

Innan Rafrænnar miðstöðvar er jafnframt unnið að innleiðingu stafrænna lausna og margvíslegum umbótum í þjónustu velferðarsviðs. Undir hana heyrir jafnframt innleiðing velferðartækni í þjónustu sviðsins, með það að markmiði að auðvelda fólki að búa á eigin heimili við betri lífsgæði, þrátt fyrir öldrun, fötlun eða veikindi.

Kafli 2.2


Velferðarsvið veitir einstaklingum og fjölskyldum margvíslega þjónustu á heimilum þeirra. Undir heimaþjónustu fellur heimastuðningur og heimahjúkrun. Markmiðið er að veita einstaklingsbundna þjónustu og stuðla að því að fólk geti búið sem lengst heima hjá sér við góð lífsgæði. Eldra fólk er stærsti notendahópur þjónustunnar.

Þjónusta í heimahúsum





Þjónusta í heimahús – fjöldi notenda helstu þjónustuflokka 2024






Heimþjónusta


Heildarfjöldi þeirra sem fá heimþjónustu í formi heimastuðnings og/eða -hjúkrunar hefur haldist stöðugur síðustu árin. Er eldra fólk í miklum meirihluta þeirra sem að nýta þjónustuna eða 81% notendahópsins.

Eldra fólki sem fær heimahjúkrun hefur fjölgað síðustu árin á meðan yngra fólki, sem heilsu sinnar vegna þarf á heimahjúkrun að halda, hefur fækkað.

Fjöldi notenda heimastuðnings



Fjöldi notenda heimahjúkrunar





Hlutfall eldra fólks af notendum heimastuðnings og -hjúkrunar 2024

81%

Fjöldi þeirra sem fá heimastuðning helst nokkuð stöðugur milli ára en þokast þó nokkuð niður á við, bæði fyrir eldri og yngri hópa.




Hvað segja notendur?


Á velferðarsviði er rík áhersla lögð á að gera kannanir og úttektir á þjónustunni með reglubundnum hætti. Á árinu 2024 voru gerðar kannanir á viðhorfi notenda og aðstandenda til þjónustu heimahjúkrunar. Af niðurstöðum má dæma að viðhorf til þjónustunnar sé almennt jákvætt, einkum hjá notendunum sjálfum.

Þannig voru 93% notenda sem tóku þátt almennt ánægð með þjónustuna og 80% aðstandenda. Áhugavert er að sjá að notendur telja stuðning heima-
hjúkrunar almennt nægjanlegan, eða 87% svarenda, á meðan 43% aðstandenda eru á sama máli.

Ánægja með þjónustu




Nægjanlegur stuðningur





Endurhæfing í heimahúsi – fjöldi notenda






Velferðartækni

Velferðartæknismiðjan sér um innleiðingu, þróun og nýsköpun í nýtingu tæknilausna í velferðar- og heilbrigðisþjónustu á vegum sviðsins. Skjáheimsóknir og notkun lyfjaskammtara eru að fullu innleidd inn í þjónustuna og hefur notkun á þessum lausnum vaxið á milli ára. Notkun lyfjaskammtara jókst verulega á milli áranna 2023 og 2024, eða um 244%.

Ný verkefni í þróun og prófun hjá Velferðartækni-smiðjunni á árinu 2024 voru fjarvöktun hjartabilunar-einkenna og fjarþjálfun í endurhæfingu í heimahúsi.

Fjöldi notenda






Akstursþjónusta


Eftirspurn eftir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk hefur farið vaxandi síðustu ár, eða síðan Covid-19 faraldrinum lauk. Notendur akstursþjónustu, sem og ferðir, eru nú fleiri en fyrir faraldurinn.

Bæði heildarfjöldi notenda og ferða jukust á árinu 2024 samanborið við árið 2023.

Fjöldi notenda




Fjöldi ferða





Hlutdeild notendahópa 2024





Meðalfjöldi ferða fatlaðs fólks og öryrkja 2024

248

Meðalfjöldi ferða eldra fólks 2024

43

Eldra fólk er um 45% notenda akstursþjónustu. Þrátt fyrir það skýrast aðeins 12% ferða af akstri eldra fólks. Fatlað fólk og öryrkjar nýta þannig akstursþjónustu talsvert oftar. Meðalfjöldi ferða í þeim hópi er 248 ferðir á ári, samanborið við 43 ferðir að meðaltali í hópi eldra fólks.




Heimsendur matur


Eftirspurn eftir heimsendum mat hefur farið dvínandi síðustu árin og fækkar bæði notendum og máltíðum á milli ára. Á tveggja ára tímabili frá 2022 til 2024 minnkaði fjöldi heimsendra máltíða um 8% og fjöldi notenda um 6,5%.

Eldra fólk er langstærsti hópur þeirra sem nýta þjónustuna en 78% notenda eru 67 ára eða eldri og 76% máltíðanna fer til þessa hóps.

Fjöldi notenda




Fjöldi máltíða





Hlutdeild notendahópa 2024



Kafli 2.3

Innan velferðarsviðs er unnið margvíslegt starf í þágu eldra fólks. Reykjavíkurborg tekur þátt í heimsneti aldursvænna borga og lagt er kapp á að gera borgina aðgengilega, aðlaðandi og hentuga fyrir eldri íbúa og þá um leið betri borg fyrir alla aldurshópa.



Þjónusta við eldra fólk



Heildarfjöldi eldri notenda 2024

4.716

Hlutfall af heildar notendafjölda

23%

Eldra fólk er tæpur fjórðungur allra notenda velferðarþjónustu en 4.716 einstaklingar sem eru 67 ára eða eldri nýta sér hana. Fjöldinn hefur verið stöðugur á undanförnum árum en þokast þó upp á við. Eitt af helstu markmiðum þjónustu við eldra fólk er að það fái stuðning til að búa á eigin heimili. Þannig miðar allur stuðningur að því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kys.



Fjöldi þjónustuíbúða fyrir eldra fólk í árslok 2024


362

Í samræmi við þetta er umfangsmesta þjónustan veitt til fólks sem býr í heimahúsum í formi [heima-
stuðnings-](#) og [hjúkrunar](#), [heimsends matar](#) og [aksturs-
þjónustu](#). Velferðarsvið rekur einnig [þjónustuíbúðir](#) og [hjúkrunarheimili](#) fyrir fólk sem þarf meiri stuðning en hægt er að veita í heimahúsi.

Til viðbótar annast borgin ýmsa aðra þjónustu við eldra fólk í formi [öldrunarráðgjafar til eldra fólks og
aðstandenda](#), [hádegisverðar á félagsmiðstöðvum](#), [félagsstarfs](#) og [dagdvalar](#).

Droplaugarstaðir	2023	2024
Fjöldi almennra hjúkrunarrýma	80	80

Dagdvöl fyrir eldra fólk – fjöldi notenda 2024



Kafli 2.4

Í heild fá 1.878 fatlaðir einstaklingar þjónustu frá velferðarsviði en stuðningur við fatlað fólk er eitt umfangsmesta verkefni sem velferðarsvið sinnir. Veitt er búsetuþjónusta og margvíslegur stuðningur þar sem áhersla er lögð á að skapa fjölbreytt tækifæri til vinnu og virkni.



Þjónusta við fatlað fólk



Heildarfjöldi fullorðinna fatlaðra notenda 2024


1.878 ↑ 2%

Fjöldi einstaklinga sem bjó í húsnæði fyrir fatlað fólk á árinu 2024


519 ↑ 1%



Íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk í árslok



Fjöldi notenda í algengustu þjónustuflokkum fyrir fatlaða – 2024





Kafli 2.5

Leitast er við að veita börnum og fjölskyldum rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Samþætting þjónustunnar er í fyrirrúmi í anda farsældarlaganna sem Reykjavíkurborg innleiðir í gegnum verkefnið Betri borg fyrir börn. Stuðningur við börn og fjölskyldur getur meðal annars verið í formi ráðgjafar, stuðnings- og skólaþjónustu, sem veitt er með milligöngu miðstöðva borgarinnar. Þá veitir Barnavernd Reykjavíkur foreldrum og börnum stuðning og ráðgjöf.



Þjónusta við börn og fjölskyldur



Í gegnum samræmt verklag Betri borgar fyrir börn er unnið að því að sambætta þjónustu í þágu farsældar barna í Reykjavík og styðja þannig markvisst við börn og fjölskyldur þvert á borgina. Unnið er eftir farsældarlögunum en samkvæmt þeim á að skipta þjónustu í þrjú stig eftir umfangi hennar og ræðst ábyrgð á hlutverki þjónustuveitenda eftir því.

Fyrsta stigið tilheyrir grunn-, leik- og frístundastarfi, annað stigið miðstöðvum þar sem umfangsmeiri þjónusta er veitt og þriðja stigið tilheyrir barnavernd.

Markvisst er unnið að því að efla samstarf á milli þjónustustiga og skilgreina hvar ábyrgð þjónustunnar liggur. Með því móti er hægt að tryggja að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á milli ólíkra þjónustuveitenda án viðeigandi stuðnings og leiðsagnar.



Heildarfjöldi barna með þjónustu frá miðstöðvum Reykjavíkurborgar og Barnavernd Reykjavíkur 2024

6.427

Hlutfall barna af heildarnotendafjölda

31%




Stuðningsþjónusta Keðjunnar

Keðjan heyrir undir velferðarsvið en hlutverk hennar er að veita börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra stuðningsþjónustu. Allar umsóknir um stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur eru metnar af ráðgjöfum í miðstöðvum borgarinnar eða hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Stuðningsþjónustan er af fjölbreyttu tagi og útfærð eftir þörfum hvers og eins. Meðal annars geta foreldrar fengið stuðning við uppeldishlutverkið og börn fengið stuðning til að auka virkni, bæta samskipti og efla sjálfstraust sitt.

Stuðningsþjónusta Keðjunnar fyrir börn og foreldra – fjöldi notenda






Fyrsta og annars stigs þjónusta

Markmið þjónustunnar er að veita börnum og fjölskyldum þeirra markvissa ráðgjöf og stuðning. Þjónustan er veitt frá miðstöðvum Reykjavíkurborgar og berast umsóknir ýmist beint frá foreldrum eða skólum í samráði við foreldra.

Eftir fjölgun á undanförunum árum drógust umsóknir saman á milli áranna 2023 og 2024. Þannig voru umsóknir 2.342 talsins árið 2024, samanborið við 3.088 árið 2023.

Fyrsta og annars stigs þjónusta – fjöldi beiðna og fjöldi barna





67%

foreldra hafa góða
upplifun af þeirri þjónustu
í miðstöðvum sem barnið
þeirra hefur fengið

67%

foreldra telja þjónustuna
sem barnið hefur fengið fram
til þessa gagnlega

88%


foreldra upplifa vingjarnlegt
viðmót frá starfsfólki sem
kemur að þjónustu við barnið



Þrátt fyrir að umsóknum fækki á milli ára eru um það bil jafn mörg börn sem fá þjónustu frá miðstöðvum. Margar umsóknir geta borist um þjónustu vegna sama barns og skýrist misræmið af því.

Þegar sótt er um þjónustu fyrir börn eru helstu ástæður tilgreindar. Málþroskavandi, tilfinningalegir erfiðleikar og einbeitingarerfiðleikar eru þrjár algengustu ástæður umsókna. Fækkun er í öllum flokkum algengustu ástæðna á milli áranna 2023 og 2024. Umsóknir vegna einbeitingarerfiðleika hafa þó dregist mest saman, eða um 33,6% frá síðasta ári.

Algengustu ástæður beiðna um fyrstu og annars stigs þjónustu






Barnavernd

Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur fjölgaði árið 2024, sem og fjöldi barna sem tilkynnt var um. Á árinu 2024 var tilkynnt um um 10% fleiri börn en á árinu 2023 og tilkynningarnar voru 13% fleiri. Misræmið skýrist af því að stundum berast fleiri en ein tilkynning um hvert barn.

Algengustu ástæður tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur varða áhættuhegðun barna, vanrækslu foreldra eða umönnunaraðila gagnvart börnum og ofbeldi gegn börnum. Tilkynningum fjölgaði í öllum þessum flokkum á milli áranna 2023 og 2024. Tilkynningum um áhættuhegðun og ofbeldi fjölgaði mest, eða um 20%, á meðan tilkynningum um vanrækslu fjölgaði um 6%.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar





Kafli 2.6

Árið 2024 fengu 3.402 einstaklingar úr hópi flóttafólks þjónustu velferðarsviðs. Einstaklingar frá Úkraínu eru langstærsti hópur flóttafólks sem fær þjónustu sviðsins en þar á eftir koma einstaklingar frá Venesúela og Palestínu. Reykjavíkurborg hefur rekið samræmda móttöku flóttafólks og þjónustað umsækjendur um alþjóðlega vernd sem bíða úrvinnslu mála sinna samkvæmt samningum við ríkið.

Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd





Flóttafólk með þjónustu velferðarsviðs


Fjöldi flóttafólks með velferðarþjónustu

3.402

Hlutfall flóttafólks af heildarnotendafjölda

17%

Fjöldi flóttafólks sem fékk þjónustu velferðarsviðs






Fjöldi ríkisfanga flóttafólks

57


Fjöldi flóttafólks með þjónustu eftir algengustu ríkisföngum





Flóttafólki sem fær fjárhagsaðstoð fækkaði á milli áranna 2023 og 2024, eftir mikla fjölgun á síðustu árum sem kom einkum til vegna komu flóttafólks frá Úkraínu og Venesúela. Á árinu 2024 fengu 1.622 einstaklingar úr hópi flóttafólks fjárhagsaðstoð.


Fjöldi flóttafólks eftir algengustu þjónustupáttum velferðarsviðs





Konum úr hópi flóttafólks sem fengu fjárhagsaðstoð fjölgaði verulega á milli áranna 2021 og 2022. Þar með breyttist kynjahlutfall fjárhagsaðstoðar en áður voru karlmenn þar í meirihluta. Breytingin skýrist af fjölda úkraínskra flóttakvenna á meðan eiginmenn þeirra tóku þátt í stríðinu í Úkraínu. Síðan þá hefur dregið saman með kynjunum í þessum hópi notenda. Á árinu 2024 voru karlar 47% flóttafólks sem fékk fjárhagsaðstoð en konur voru 53%.

Fjöldi flóttafólks sem fékk fjárhagsaðstoð, eftir kyni






Samræmd móttaka flóttafólks

Reykjavíkurborg hefur verið með samning við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks. Markmiðið með samræmdri móttöku er að tryggja samfellda og jafna þjónustu, óháð því hvaðan fólk kemur. Þau sem fá þjónustu á grundvelli samningsins eru flóttafólk sem er ný- eða nýlega komið til landsins og þarfnast aðstoðar við að fóta sig í nýju landi. Það hefur rétt á þjónustunni í allt að þrjú ár eftir komuna til landsins. Lögð er áhersla á aðstoð sem veitir fólki tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, svo sem með atvinnu og námi.

Fjöldi flóttafólks í samræmdri móttöku






Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Reykjavíkurborg hefur veitt umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu á meðan mál þeirra eru í vinnslu. Þjónustan er veitt á forsendum samnings við ríkið. Hópnum er veittur stuðningur varðandi húsnæði og aðra grunnþjónustu sem og sálræna og félagslega þætti. Markmið með þjónustunni er að bæta líðan, sporna gegn einangrun og á meðan beðið er eftir afgreiðslu umsóknar.


Á árinu 2024 voru 202 einstaklingar að jafnaði í þjónustu í mánuði hverjum eða 90 börn og 112 fullorðnir. Konur og stúlkur voru í meirihluta í hópnum eða 59% meðal fullorðinna og 54% meðal barnanna. Þjóðerni umsækjenda eru fjölbreytt en meirihluti hópsins kemur frá Venesúela eða 57% þeirra sem voru í þjónustu að jafnaði í mánuði hverjum.

Fjöldi í þjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd – 2024






Hlutfall flóttafólks innan og utan samræmdrar móttöku – 2024



- Samræmd móttaka
- Ekki með samræmda móttöku

Fjöldi flóttafólks í samræmdri móttöku eftir miðstöðvum – 2024



- Vesturmiðstöð
- Norðurmiðstöð
- Suðurmiðstöð
- Austurmiðstöð

Núgildandi samningur var gerður í janúar 2024 og framlengdur og útvíkkaður með viðauka í desember 2024. Í fyrstu, eða frá árinu 2020, var gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg veitti allt að 500 manns þjónustu á hverjum tíma. En samningar sem giltu frá október 2021 fram til 2024 gerðu ráð fyrir allt að 1.500 manns í þjónustunni á hverjum tíma. Þessi fjöldi var svo útvíkkaður í 1.800 manns í árslok 2024. Í samræmi við þessar breytingar hefur orðið mikil fjölgun notenda í þjónustunni á árinu 2024.



Kafli 2.7

Skaðaminnkandi nálgun er í forgrunni þeirrar þjónustu sem veitt er heimilisláusu fólki í Reykjavík. Þetta er í samræmi við stefnu í málefnum heimilausra með miklar og flóknar þjónustuparfir sem gildir út árið 2025. Lögð er áhersla á mannvirðingu, fagmennsku, valdeflingu og virka þátttöku allra þeirra sem þjónustan snýr að.




Þjónusta við heimilisláust fólk




Neyðarskýli

Neyðarskýlin þrjú sem rekin eru í Reykjavík eru ætluð heimilislösu fólki sem hefur miklar og flóknar þjónustufarir. Súluritin sýna fjölda gesta og gistingu í neyðarskýlunum. Gestum skýlanna fækkaði lítillega, eða um rúm 7%, á milli ára 2023 og 2024. Gistingu fækkaði jafnframt um tæp 9%.

Fjöldi gistingu í neyðarskýlum




Fjöldi gesta í neyðarskýlum





Reykjavík er eina sveitarfélagið sem rekur neyðarskýli fyrir heimilislausa. Neyðarskýlin nýta þó íbúar af öllu landinu. Gestir sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík voru 28% allra gesta í skýlunum á árinu 2024.

Gestir neyðarskýla 2024 eftir lögheimili






Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjavíkurborgar

Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjavíkurborgar (VoR-teymi) gegnir mikilvægu hlutverki í þjónustu við heimilislaut fólki. Starfsfólk þess veitir margvíslegan einstaklingsbundinn stuðning, bæði á vettvangi en einnig í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar sem sérstaklega er ætlað heimilislautu fólki með miklar og flóknar þjónustuparfir, í félagslegu húsnæði eða húsnæði á almennum markaði.


Kynjahlutfall notenda þjónustu VoR-teymis í árslok 2024






Fjöldi notenda með þjónustu VoR-teymisins í árslok 2024 var 104 og hefur sá fjöldi verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Karlar voru í meirihluta eða um tveir þriðjung notenda. Notendur með erlent ríkisfang voru rúmur tíundi hluti notenda þjónustunnar.

Hlutfall notenda þjónustu VoR-teymis í árslok 2024 eftir ríkisfangi






Heildarútgjöld vegna þjónustu við heimilislaust fólk, tölur í milljónum króna



Skipting kostnaðar vegna þjónustu við heimilislausa – 2024



Kafli 2.8


Fjöldi fólks sem fær fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg hefur minnkað töluvert frá árinu 2022. Fjárhagsaðstoð er fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, með það að markmiði að styðja fólk til sjálfshjálpar og stuðla að því að það geti framfleytt sér.




Virkni og fjárhagsaðstoð



Fjárhagsaðstoð, allar tegundir – fjöldi notenda




Fjárhagsaðstoð – fjöldi notenda og lengd tímabils sem fjárhagsaðstoð var veitt






Fjárhagsaðstoð – fjöldi flóttafólks og annarra notenda



Flóttafólk með fjárhagsaðstoð – fjöldi eftir kyni






Virknihús

Í Virknihusi er haldið utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs á einum stað. Þar er lögð áhersla á sjálfsstyrkingu, nám og bata í gegnum margþættar leiðir í endurhæfingu, ýmist fyrir þátttöku á vinnumarkaði eða í átt til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu.

Í heild tóku 532 einstaklingar þátt í virkni- og endurhæfingarúrræðum Virknihúss á árinu 2024 sem var fækkun um 15% frá fyrra ári.

Fjöldi þátttakenda






Grettistak er átján mánaða endurhæfing fyrir fólk með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu.

TINNA er úrræði fyrir einstæða foreldra á aldursbilinu 18–34 ára sem eru með fjárhagsaðstoð, endurhæfingarlífeyri eða örorku.

IPS (Individual Placement and Support) atvinnuráðgjöf er gagnreynd aðferð í starfsendurhæfingu þar sem markmiðið er að bæta stöðu fólks með því að aðstoða þau sem hafa áhuga á að starfa á almennum vinnumarkaði við að komast í samkeppnishæf störf.

Atvinnu- og virknimiðlun veitir vinnufærum einstaklingum einstaklingsráðgjöf þar sem áhersla er m.a. lögð á ferilskráargerð og undirbúning fyrir atvinnuviðtal.

Úrræði Virknihúss – fjöldi þátttakenda



Kafli 2.9

Í Reykjavík eru 3.179 félagslegar íbúðir eða leigueiningar sem er að finna í öllum hverfum Reykjavíkur. Um er að ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, húsnæði fyrir heimilislausar með miklar og flóknar þjónustuparfir og þjónustuíbúðir aldaraðra. Fjölskyldur og einstaklingar undir tilteknum eigna- og tekjumörkum geta sótt um félagslegt leiguhúsnæði.




Húsnæði




Fjöldi leigueininga í árslok 2024

3.179

Félagslegt húsnæði – skipting fjölda leigueininga eftir tegund 2024




Félagslegt leiguhúsnæði – fjöldi nýrra úthlutuna eftir tegund






Fjöldi notenda sem fékk sérstakan húsnæðisstuðning



Biðlisti eftir félagslegu húsnæði – fjöldi umsókna á biðlista í árslok eftir tegund húsnæðis



Kafli 2.10

Velferðarsvið veitir afar fjölbreytta þjónustu sem snertir mikinn fjölda fólks í Reykjavík. Hér má sjá þróun undanfarinna þriggja ára á fjölda notenda helstu þjónustu sem sviðið veitir. Nánari greiningu á þjónustu og notendahópum eftir bakgrunnsbreytum á borð við kyn, aldur, fjölskyldugerð og ríkisfang má nálgast á [tölfræðivef](#) sviðsins.

Ítarlegri tölfræði





Tegund þjónustu	2022	2023	2024	Breyting '23 og '24
Fjárhagsaðstoð – allar tegundir	4.557	4.456	3.833	-14%
Félagsleg heimaþjónusta	3.570	3.434	3.384	-1%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	3.352	3.260	2.959	-9%
Barnavernd Reykjavíkur	2.885	3.183	3.388	6%
Heimahjúkrun	2.905	2.826	2.857	1%
Skólaþjónusta – tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál	2.564	2.619	2.060	-21%
Sérstakur húsnæðisstuðningur – almennur markaður	2.351	2.373	2.309	-3%
Barnaverndartilkynningar	2.179	2.355	2.601	10%
Samkomulag um félagslega ráðgjöf	1.526	2.212	2.281	3%
Sérstakur húsnæðisstuðningur – Félagsbústaðir	2.146	2.199	2.227	1%
Greiningar í skólaþjónustu	1.155	1.281	1.313	2%
Heimsending matar	1.018	1.005	951	-5%
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	963	973	1011	4%
Akstursþjónusta eldri borgara	697	777	813	5%
Stuðnings- og stoðþjónusta	413	416	411	-1%
Lán til framfærslu	373	394	409	4%
Gistiskýli	298	326	309	-5%
Einstaklingsstuðningur	360	287	377	31%
Grettistak	190	233	197	-15%
Stuðningsfjölskyldur	229	221	152	-31%
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn	195	179	160	-11%
Húsnæðisúthlutanir – almennar félagslegar leiguíbúðir	134	178	142	-20%
Umönnunarmat/fötluð börn	222	177	184	4%
Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf	198	151	128	-15%
Fjárhagsaðstoðarlán	148	123	127	3%
Skammtímadvöl fyrir fatlað fólk	145	107	108	1%
IPS – einstaklingsmiðaður stuðningur við atvinnuleit	45	103	81	-21%
Konukot	99	97	84	-13%
Þorrasel – fjöldi gesta	110	73	78	7%
Húsnæðisúthlutun - þjónustuíbúðir	66	70	57	-19%
Tinna/Kvennasmiðja	92	69	74	7%
Styrkur vegna tækjakaupa, náms- og skólagjalda/fatlað fólk	61	55	49	-11%
Vistheimili barna	46	41	53	29%
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	30	34	43	26%
Unglingasmiðjur	48	30	51	70%
Esjutún/Vitatorg – fjöldi gesta	36	18	19	6%
Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur	63	50	77	54%
Samtals fjöldi notenda	19.418	20.696	20.447	-1%



Kafli 3



Vinnustaðurinn



Velferðarsvið býr yfir fjölbreyttri flóru starfsfólks með margvíslega menntun, reynslu og bakgrunn. Á árinu 2024 störfuðu að jafnaði meira en 3.500 manns í mánuði hverjum á sviðinu. Undir það heyra 121 starfsstaðir og af þeim sinna 78 sólarhringsþjónustu.

Fjöldi starfsstaða

121

Fjöldi starfsstaða sem sinna sólarhringsþjónustu


78

Stöðugildi að meðaltali á mánuði


2.381



Starfandi að meðaltali á velferðarsviði




Kynjaskipting






Í hvaða málaflokkum vinnur starfsfólk velferðarsviðs?




Aldursdreifing





Viðhorf og líðan

Stofnun ársins: Ánægja, líðan stolt, traust — starfsfólk velferðarsviðs





Fræðsla

Fræðsla fyrir starfsfólk velferðarsviðs verður fjölbreyttari með hverju árinu sem líður. Það er í samræmi við þær áherslur að starfsfólki standi til boða gefandi fræðsla sem nýtist í leik og starfi. Á árinu 2024 sóttu meira en 1.700 manns staðnámskeið sem skipulögð voru í gegnum Torgið, fyrsta stafræna fræðslukerfi Reykjavíkurborgar.

Heildarfjöldi þátttakenda á staðnámskeiðum

995

Fjöldi staðnámskeiða sem hver sótti að meðaltali

2

Fjöldi staðnámskeiða sem hver sótti að meðaltali

220–230



Fjöldi innskráðra á Torginu í árslok 2024

55%

Rafrænt fræðsluframboð hefur aukist með tilkomu Torgsins. Eftir innleiðingu Torgsins hefur 55% af öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar sótt meira en 200 stafræn námskeið.



Kafli 4

Rekstur





Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs fyrir árið 2024 var 46.324 milljónir króna, sem var 897 milljónum króna, eða tæpum 2%, umfram fjárheimildir. Þegar frá eru dregnir bundnir liðir, þ.e. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur, nam rekstrarniðurstaðan 41.917 milljónum króna og var 1.757 milljónum króna, eða 4,4%, umfram fjárheimildir. Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs er 8,1% jákvæðari á árinu 2024 en á árinu 2023.

Heildarútgjöld velferðarsviðs voru 56,5 milljarðar króna á árinu 2024 og jukust um 6,3% frá fyrra ári.

Heildarútgjöld velferðarsviðs

Ár	Heildarútgjöld	Aukning milli ára
2022	49.251	
2023	53.161	8%
2024	56.513	6%

Tölur í þúsundum króna



Hlutfall velferðarsviðs af heildarrekstrargjöldum Reykjavíkurborgar


Ár	Hlutfall
2022	30%
2023	27%
2024	27%

Annar rekstarkostnaður var 24,71 milljarðar króna, sem er 6,2% hækkun frá 2023. Hækkunin skýrist að verulegu leyti af auknum kostnaði vegna vistunar barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Öll börn sem vistuð eru utan heimilis, hvort sem er í fóstri eða í úrræðum, þurfa á slíkri vistun að halda og á Barnavernd Reykjavíkur hvílir rík lagaskylda til að tryggja þeim úrræði. Kostnaður vegna þessa þjónustupáttar hækkaði um 44% á milli 2023 og 2024.

Hlutdeild velferðarsviðs af heildarrekstrargjöldum borgarinnar er 27% eða sú sama og í fyrra.



Stærstu kostnaðarpættir á velferðarsviði, tölur í milljónum króna





Rekstrargjöld velferðarsviðs eftir þjónustupáttum

í milljónum króna				
Kostnaðarstaður	Tekjur	Laun og tengd gjöld	Annar rekstur	Niðurstaða
Búsetuþjónusta í málefnum fatlaðs fólks	205	12.526	1.079	13.400
Samningar, framlög og styrkir	269	1	5.913	5.646
Fjárhagsaðstoð	1.491	70	4.288	2.867
Vistgreiðslur	186	0	3.052	2.866
Heimastuðningur	75	2.481	221	2.627
Börn og fjölskyldur	1	2.198	429	2.626
Stjórnsýsla og miðlæg þjónusta	76	1.308	966	2.199
Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	54	1.885	193	2.024
Skammtíamavistun og skammtímadvöl	10	1.534	414	1.938
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	560	0	2.212	1.652
Þjónustuíbúðir	203	1.493	299	1.589
Stuðnings- og stoðþjónusta	0	912	670	1.582
Húsnæðisstuðningur	0	0	1.540	1.540
Dagþjónusta	211	995	226	1.010
Búsetuþjónusta	152	801	323	972
Félagsmiðstöðvar	108	309	489	691
Ýmis úrræði	402	488	336	422
Önnur gjöld	104	179	306	381
Hjúkrunarheimili	2.052	1.845	583	376
Heimahjúkrun	2.646	2.184	462	0
Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur	1.385	594	710	-81
2024 Samtals	10.189	31.803	24.710	46.324



Kafli 5

Annáll





19. janúar

Endurnýja samning um TINNU-verkefnið

Samningur félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Reykjavíkurborgar um TINNU-verkefnið hefur verið endurnýjaður. Markmiðið með TINNU er meðal annars að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki. Um sextíu konur eru þátttakendur í TINNU, með allt að 140 börn á sínu framfæri.



29. janúar

Umfangsmikil innleiðing snertir mörg þúsund einstaklinga

Reykjavíkurborg samdi við hugbúnaðar-fyrirtækið dala.care um innleiðingu á stafrænni lausn fyrir heimaþjónustu, búsetuþjónustu og ýmsa aðra stuðningsþjónustu sem veitt er á velferðarsviði. Þetta er umfangsmesta innleiðingarverkefni sem ráðist hefur verið í á velferðarsviði.



9. febrúar

Fjöldi fólks tók þátt í Farsældardegi Reykjavíkurborgar

Farsældardagur Reykjavíkur var haldinn í Hörpu. Þangað mættu um 550 manns til að fræðast og miðla af reynslu sinni, flestir þeirra fagfólk sem starfar hjá Reykjavík í þágu farsældar barna og fjölskyldna en einnig fulltrúar helstu samstarfsstofnana borgarinnar.



29. febrúar

Móta stefnu í málefnum eldra fólks

Fólk úr ýmsum áttum tók þátt í stórum vinnufundi sem haldinn var í Borgum í Grafarvogi, í tengslum við mótun stefnu í málefnum eldra fólks í Reykjavík. Lykilatriði við gerð stefnunnar er umfangsmikið samráð við eldra fólk og hina ýmsu hagaðila.



7. mars

Samþykktu forvarnaáætlun barna og ungmenna

Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024–2026 var samþykkt í borgarráði. Markmið hennar er að bregðast við helstu áskorunum sem eru til staðar í forvarnarmálum varðandi börn og ungmenni í Reykjavík, svo sem hrakandi andlegri líðan, minni svefntíma og neikvæðum áhrifum skjánotkunar.



13. mars

Reglum um fjárhagsaðstoð breytt

Velferðarráð samþykkti breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð er mikilvægur liður í því að skýra betur reglurnar, svo þær þjóni betur því markmiði laga um félagsþjónustu að styrkja fólk til sjálfshjálpar.



13. mars

Endurnýjuðu samstarfs-samning um Laugarás

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og geðþjónustu Landspítalans um Laugarás meðferðargeðdeild var endurnýjaður. Með samningnum er ungu fólki með alvarlegan langvinnan sjúkdóm gert kleift að búa sjálfstætt með viðeigandi stuðningi.



19. apríl

„Gott að finna að maður er ekki bara númer í kerfinu“

Sérfræðingar í Atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar hafa komið að um níutíu ráðningum á innan við einu ári. Skorri Steingrímsson hafði hug á að verða húsvörður og fékk þann draum uppfylltan með milligöngu sérfræðinga Atvinnu- og virknimiðlunar.



22. apríl

Fastagestir og velunnarar fögnuðu 30 ára afmæli Vitatorgs


Það var hátíðarstemning á Vitatorgi þegar fastagestir, borgarstjóri og aðrir velunnarar mættu þangað til að fagna því að 30 ár eru liðin frá því að húsið var formlega opnað. Vitatorgsbandið spilaði, Kvennakór Reykjavíkur söng og alls konar kræsingar voru í boði.



4. maí

Fjölmenning og inngilding til umræðu í Hinu húsinu

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar var haldið í Hinu húsinu þann 4. maí. Þinginu var ætlað að skapa vettvang til að hittast, fræðast, mynda tengsl og ræða mikilvæg málefni sem snerta fjölmenningu og inngildingu.



24. júní

Flest svarbréf vegna velferðarþjónustu nú rafræn

Flest svarbréf vegna umsókna um þjónustu frá velferðarsviði eru nú rafræn og birtast í stafrænum pósthólfum, bæði á Mínum síðum Reykjavíkurborgar og á island.is. Bréfin eru ekki lengur send í bréfpósti eða í tölvupósti.



27. ágúst

„Þetta gerir þig meðvitaðri um sjúkdóminn þinn“

Sautján einstaklingar sem fá þjónustu frá heimahjúkrun taka þátt í prófunarverkefni um fjarvöktun hjartabilunareinkenna. Þátttakendur fylgjast sjálfir með sjúkdómi sínum og hjúkrunarfræðingur í Skjáveri fylgist með og grípur inn í þegar þörf krefur. Pálmi Karlsson er einn þátttakenda og ber nýjunginni vel söguna.



25. september

Forvarnir og lífsgæði barna og ungmenna í brennidepli

Ráðstefnan Storbyens hjerte og smerte fór fram í Hörpu, með þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum. Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stóðu í sameiningu að undirbúningi ráðstefnunnar.



9. október

Ræddu þróun og nýsköpun í velferðarþjónustu

Um fimm hundruð starfsmenn velferðarsviðs komu saman á Þekkingardeginum – ÞekkVEL sem fram fór á Hilton. ÞekkVEL er árviss viðburður þar sem starfsfólk kemur saman og deilir þekkingu sín á milli. Í þetta sinn var þróun og nýsköpun í þjónustu sviðsins til umræðu.



17. október

Hlýlegt umhverfi á Droplaugarstöðum

Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir hlaut viðurkenningu frá Eden Alternative á Íslandi, alþjóðlegum samtökum sem hafa það að markmiði að breyta viðhorfi og menningu í tengslum við hjúkrunarþjónustu þar sem umhverfið er hlýlegt og hvetjandi.



24. október

Aftur vetraropnun í Kaffistofu Samhjalpar


Í annað sinn var gerður samningur við Samhjálp um áframhaldandi vetraropnun kaffistofu samtakanna, fyrir einstaklinga sem hafa miklar og flóknar þjónustufarir. Vetraropnunin gildi frá 1. nóvember og út marsmánuð.



1. nóvember

102 ára og stundar fjarþjálfun heima í stofu

Fjarþjálfun með aðstoð stafræns einkaþjálfara er vinsæl viðbót við velferðartækni sem nú ryður sér til rúms í Reykjavík. Stefán Ólafur Jónsson, sem er 102 ára gamall, er einn þeirra sem nýtir sér fjarþjálfun í heimahúsi.



15. nóvember

Aðgengi starfsfólks að íslenskunámi aukið

Reykjavíkurborg hóf langtímasamstarf við Bara tala, sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri málþækni. Allt erlent starfsfólk borgarinnar fær nú möguleika á að nota smáforritið, sem eykur og auðveldar aðgengi að íslenskunámi.



4. desember

Standa saman vörð um börn í viðkvæmri stöðu

Fulltrúar lykilstofnana í Reykjavík skrifuðu undir samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu. Yfirlýsingin miðar að því að þróa áfram samvinnu til að tryggja umönnun og vernd barna gegn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.



19. desember 2024

Ungt fólk hefur sjálfstætt líf í nýjum íbúðakjarna

Það var gleðirík stund þegar íbúar nýs íbúðakjarna á Háteigsvegi 59 fengu lykla að íbúðum sínum. Í íbúðakjarnanum stíga sex einstaklingar sín fyrstu skref á eigin heimili og fá þar aðstoð við að lifa sjálfstæðu lífi.



Reykjavík